

Minnisblað hafnarstjóra varðandi lengingu Sundabakka

Mánudaginn 29. Júní sl. Átti hafnarstjóri fund með þeim Fannari Gíslasyni forstöðumanni hafnamálasviðs Vegagerðarinnar og Sunnu Viðarsdóttur tæknifræðings og umsjónarmanns með verkefninu.

Staða mála er þannig að skýrsla vegna umhverfismats er væntanlega að klárast og komið í lokaferli.

Stálþilshönnun lauk fyrir síðustu mánaðarmót og er í útboði á vegum Ríkiskaupa. Samkvæmt þeim tímaramma sem nú er þá má gera ráð fyrir að stálþilið verði komið til Ísafjarðar í desember nk.

Hönnun á fyrirstöðugarði er í vinnslu og má gera ráð fyrir að það verk verði boðið út í ágúst næst komandi og muni vera unnið í september til desember. Þarna er um að ræða upptekt á grjótgarði sem nú myndar strandlengjuna sunnan við Sundabakka og verður grjótinu komið fyrir á Suðurtangasvæðinu og mun verða notað í sjóvarnir bæjarins. Efnið sem keyrt verður fram í fyrirstöðugarð mun nýtast sem lokun á lónið sem dælt verður upp efni sem kemur upp í dýpkuninni fyrir framan stálþilið.